

Reglur Grindavíkurbæjar um greiðslu lögmannskostnaðar í barnaverndarmálum

1.gr.

Barnaverndarnefnd Grindavíkur veitir aðstoð til greiðslu lögmannsaðstoðar fyrir börn, foreldra eða aðra forsjáraðila barna þegar fyrir liggur einhliða áætlun um beitingu þvingunarúrræða eða áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð, svo og í tengslum við rekstur máls fyrir kærunefnd barnaverndarmála, sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 28. gr. reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Leggja skal fram skriflega umsókn um framangreinda aðstoð. Þegar umsókn er metin skal höfð hliðsjón af fjárhag umsækjanda auk eðlis og umfang máls.

2.gr.

Aðstoð til greiðslu lögmannskostnaðar er háð því að löglærður aðstoðarmaður hafi réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi eða hæstarétti, sbr. 6. og 9. gr. laga um lögmann nr. 77/1998.

3.gr.

Foreldrar eða aðrir forsjármenn barna eða ungmenna velja sér sjálfir lögmann. Lögmaður skal hafa samband við sviðsstjóra félagsþjónustu- og fræðslusviðs. Gera skal samning um vinnslu málsins þar sem fram kemur hvert hlutverk lögmanns sé í málinu.

4. gr.

Fjárhæð tímagjalds er háð viðmiðunarreglum dómstólaráðs fyrir héraðsdómstóla vegna sakamála eins og þær eru hverju sinni. Hámarkstímafjöldi sem greitt er fyrir vegna mála sem lögð eru fyrir nefndina samkvæmt reglum þessum er 10 klst. en vegna málskots til kærunefndar barnaverndarmála er hámarkstímafjöldi 6 klst. Komi upp tilvik þar sem ljóst þykir að vinnsla máls verði sérstaklega umfangsmikil skal samið um það sérstaklega. Lögmaður skal skila tímaskýrslu um leið og hann leggur fram reikning.

5.gr.

Sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs staðfestir reikninga vegna lögmannskostnaðar. Hafi verið samið um hærri greiðslur en reglur þessar segja fyrir um skal vísa máli til barnaverndarnefndar til staðfestingar.

6.gr.

Reglur þessar skulu kynntar forsjáraðilum barns ef mál þeirra sæta meðferð hjá barnaverndarnefnd og þeim lögmonnum sem taka að sér að aðstoða þá.

Samþykkt í félagsmálanefnd Grindavíkur hinn 12. febrúar 2015.

Samþykkt í bæjarstjórn Grindavíkur hinn 24. mars 2015.